



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



SAARIAHO SIBELIUS

19. JANÚAR 2017



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru teknir upp í mynd og sendir beint út á vef Sinfóníuhljómsveitar Íslands: www.sinfonia.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Rakastava: 15'

Klarínettkonsert 31'

Sinfónía: 50'

Tónleikarnir eru hluti af opinberri hátíðardagskrá í tilefni 100 ára sjálfstæðisafmælis Finna. Sinfóníuhljómsveit Íslands heiðrar Finna með fernum tónleikum á vormisseri og eru tónleikar kvöldsins hinir fyrstu í röðinni.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



FIN 19 JAN 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

SAARIAHO OG SIBELIUS

Anna-Maria Helsing
hljómsveitarstjóri

Kari Kriikku
einleikari

EFNISSKRÁ

Jean Sibelius

Elskhuginn (Rakastava, 1894/1911)

Elskhuginn (Andante con moto)

Stígur elskendanna (Allegretto)

Góða nótt – vertu sæl (Andantino)

Kaija Saariaho

D'OM LE VRAISENS (2010)

L'Ouïe (Heyrn) –

La Vue (Sjón) –

L'Odorat (Ilman) –

Le Toucher (Snerting) –

Le Goût (Smekkur) –

À mon seul désir (Mín eina þrá)

HLÉ

Pjotr Tsjajkovskíj

Sinfónía nr. 6 í h-moll op. 74, „Pathétique“ (1893)

Adagio – Allegro non troppo – Andante – Allegro vivo – Andante
come prima – Andante mosso

Allegro con grazia

Allegro molto vivace

Finale: Adagio lamentoso – Andante

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en/sinfonia.is



ANNA-MARIA HELSING

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómveitarstjórinn Anna-Maria Helsing er einn fremsti kvenstjórnandi Norðurlanda. Skömmu eftir að hún hóf nám undir handleiðslu Leifs Segerstam var hún valin til að taka þátt í alþjóðlegu hljómveitarstjóraakademíunni Allianz í London 2008/09. Þar naut hún leiðsagnar Esa-Pekka Salonen og Gustavos Dudamel og stjórnaði Fílharmoníuhljómveit Lundúnaborgar. Á árunum 2010–2013 var hún aðalhljómveitarstjóri Oulu-sinfóníuhljómveitarinnar, fyrst kvenna til að vera í forsvari finnskrar sinfóníuhljómveitar. Helsing hefur stjórnað öllum leiðandi hljómveitum Finnlands ásamt hljómveitum í Skandinavíu og Eystrasaltsríkjunum. Meðal þeirra eru Sinfóníuhljómveit finnska útvarpsins, fílharmoníusveitir Helsinki og Tampere, Konunglega fílharmoníuhljómveitin í Stokkhólmi og sinfóníuhljómveitir Gautaborgar, Þrándheims og Eistlands. Helsing hefur einnig látið að sér kveða í óperuheiminum sem hljómveitarstjóri Finnsku þjóðaróperunnar, óperunnar í Tampere ásamt hljómveit óperunnar í Malmö og á óperuhátíðinni í Savonlinna. Á yfirstandandi tónleikaári stjórnar hún m.a. Finnsku útvarpshljómveitinni og Fílharmoníuhljómveitinni í Helsinki.

Anna-Maria Helsing lauk prófi í fiðluleik frá Pietarsaari konservatoríinu og tónlistarakademíunni í Bydgoszcz. Árið 1999 vann hún til fyrstu verðlauna í alþjóðlegri keppni 20. aldar tónlistar fyrir unga listamenn í Varsjá. Árið 2011 hlaut hún Louis Spohr-viðurkenninguna í Braunschweig en það var í fyrsta sinn sem viðurkenningin var veitt hljómveitarstjóra. Anna-Maria starfaði sem leiðandi fiðluleikari ýmissa kammerhljómveita áður en hún tók við stöðu hljómveitarstjóra hjá Wegelius-kammerhljómveitinni og listræns stjórnanda hjá Jakobstad-sinfóníettunni. Helsing stjórnaði Sinfóníuhljómveit Íslands í fyrsta sinn vorið 2015 og stjórnaði einnig óperunni *Magnus Maria* eftir Karólínu Eiríksdóttur víða á Norðurlöndum, meðal annars á Listahátíð í Reykjavík.




KARI KRIIKKU

EINLEIKARI

Finnski klarínettleikarinn Kari Kriikku (f. 1960) lærði við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og síðar í Englandi og Bandaríkjunum. Hann þykir einn fremsti klarínettleikari heims og hljóðritanir hans hafa unnið til ótal verðlauna, m.a. hjá *Classic CD*, *BBC Music Magazine* og *Gramophone*. Hann er ötull talsmaður samtímatónlistar og hefur frumflutt verk eftir m.a. Magnus Lindberg, Kaiju Saariaho, Esa-Pekka Salonen og Unsuk Chin.

Kriikku frumflutti klarínettkonsert Kaiju Saariaho árið 2010 og hefur síðan leikið hann víða um heim. Hljóðritun hans á konserti Saariaho fyrir finnska forlagið Ondine hefur vakið mikla eftirtekt og var m.a. valin ein af upptökum mánaðarins í *Gramophone*, auk þess sem diskurinn var tilnefndur til Alþjóðlegu tónlistarverðlaunanna, ICMA. Á þessu starfsári leikur Kriikku konsertinn m.a. með Fílharmoníuhljómsveitinni í New York undir stjórn Esa-Pekka Salonen, auk þess hann leikur einleik með Sænsku útvarpshljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti. Kriikku frumflutti nýtt verk eftir Saariaho, *Figura*, á Feneyja-tvíværingnum 2016 og mun flytja það aftur á Présence-hátíðinni í París á þessu ári. Árið 2014 frumflutti hann klarínettkonsert eftir Unsuk Chun með Sinfóníuhljómsveitinni í Gautaborg og hefur síðan flutt verkið m.a. með Fílharmoníuhljómsveitinni í New York og hljómsveitinni Fílharmoníu í Lundúnum. Hann frumflutti klarínettkonsert Magnúsar Lindbergs á Proms-tónlistarhátíðinni árið 2007 og hljóðritun hans á verkinu var tilnefnd til Gramophone-verðlauna. Þeim flutningi stýrði einmitt John Storgårds, sem mun stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands í maí næstkomandi.

Kriikku er einn af stofnendum finnsku kammersveitarinnar *Avanti!* og er listrænn stjórnandi hennar frá árinu 1998. Hann hlaut Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2009. Í rökstuðningi sínum sagði dómnefnd að hann væri „einstakur virtúós á hljóðfæri sitt. Flutningur hans er sveigjanlegur og einkennist af gleði og jákvæðni – hann er sannur músikant í bestu merkingu þess orðs.“



JEAN SIBELIUS

RAKASTAVA

Eins og ótal tónskáld á síðari hluta 19. aldar heillaðist Jean Sibelius (1865–1957) af menningararfi þjóðar sinnar, þjóðkvæðum og þjóðlögum af ýmsum toga. Kvæðabálkurinn *Kalevala* var honum hugstæður alla tíð og þangað sótti hann innblástur í ýmis tónverk, bæði stór og smá, til dæmis risavaxna óratoríuna *Kullervo* og hljómsveitarverk á borð við svítuna *Lemminkainen*. Einkenni þjóðararfsins eru órjúfanlegur hluti af tónmáli Sibeliusar, og þau setja einnig svip á þau verka hans sem ekki tengjast beint finnskum þjóðararfi.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Rakastava-svitan hefur einu sinni hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, undir stjórn James Gaffigan í Háskólabíói árið 2010. Verkið hefur þó heyrst oftast á Íslandi. Í desember 1945 lék Strengjasveit Tónlistarskólans í Reykjavík það í hátíðarsal Háskólans á tónleikum í tilefni áttæðisafmælis Sibeliusar. Finlandia-sinfóníettan flutti Rakastava í Langholtskirkju 1992 og Kammersveit Reykjavíkur í Íslensku óperunni árið 1995.

Þríþáttungurinn *Rakastava* (Elskhuginn) á sér fremur óvenjulega sögu. Árið 1894 samdi Sibelius kórverk fyrir tónsmíðakeppni sem Háskólakórinn í Helsinki stóð fyrir. Textana valdi hann sjálfur úr þjóðkvæðasafninu *Kanteletar*, sem hinn mikilvirki safnari Elias Lönnrot gaf út 1840 og er eins konar systurbálkur *Kalevala*. Í erindunum sem Sibelius kaus í kórverk sitt leitar ungur maður að ástvinu sinni, fetar slóð hennar gegnum skóga og yfir fjöll, og að lokum sameinast þau í fögrum ástarsöng þar sem tenór og mezzósópran fara með einsöngsstrófur. Kórverkið varð flóknara en Sibelius hafði upphaflega gert ráð fyrir, og ekki féll það betur í kramið hjá dómnefndinni en svo að því voru veitt 2. verðlaun. Síðar útsetti Sibelius verkið fyrir karlakór, og árið 1911 vann hann tónefnið að nokkru leyti upp á nýtt í verki fyrir strengjasveit og slagverk sem hljómar á tónleikunum í kvöld.

Strengjaverkið var fullgert í janúar 1912 en illa gekk að finna því útgefanda; forleggjari Sibeliusar í Berlín sagði verk fyrir strengjasveit löngu komin úr tísku. Nú til dags eru flestir á því að verkið sé einkar vel heppnað, ljóðrænt með tregafullum undirtóni sem hæfir yrkisefninu. Sibelius vinnur úr stefjum kórverksins á ýmsa lund og gætir þess að eiginleikar strengjahljóðfærananna njóti sín til fulls. Fyrsti þáttur er ljóðrænn, með veiku strengjaspili og nokkrum áhrifamiklum hápunktum. Miðkaflinn hefur léttara yfirbragð, er eins konar *scherzo*. Í lokaþættinum bregða einleiksfiðla og -selló sér í hlutverk elskhuganna. *Rakastava* lýkur með hjartnæmri kveðjustund þar sem hljóðfærin hafa orðið til skiptis og falla loks í faðma í lokatöktunum. Texti upphaflega kórverksins ásamt íslenskri þýðingu er á bls. 10.



KAIJA SAARIAHO

D'OM LE VRAI SENS

Kaija Saariaho (f. 1952) er eitt kunnasta tónskáld Finnlands og eitt dádasta kventónskáld samtímans. Hún stundaði nám við Sibeliusar-akademíuna auk þess sem hún starfaði um árabíl við IRCAM í París og hefur verið búsett þar í borg um áratuga skeið. Hún hefur næmt eyra fyrir tónblæ og litum, skapar dulúðuga stemningu og blandar oft saman rafhljóðum og lifandi tónlist. Eins og mörg tónskáld samtímans neitar Saariaho að láta draga sig í dilk: „Allt er leyfilegt,“ er haft eftir henni, „svo lengi sem það er gert smekklega.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur verk eftir Saariaho. Áður hafa ýmis einleiks-, kammer- og söngverk hennar hljómað á Íslandi, m.a. kammerverkið Lichtbogen á Reykjavík Midsummer Music-hátíðinni í júní 2016. Fyrst hljómaði verk eftir Saariaho hér á landi á Ung Nordisk Musik-hátíðinni 1982, þegar Im Traume fyrir selló og píanó var flutt á tónleikum í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Klarínettkonsert Saariaho óx að nokkru leyti úr óperu hennar *Adriana Mater* frá árinu 2006. Klarínettparturinn í þeirri óperu er nokkuð viðamikill og henni þótti hljóðfærið tala til sín með öðrum hætti en áður. Hún hófst því handa við að semja konsert og sótti innblástur í runu sex veggteppa sem kallast „Stúlkan og einhyrningurinn“; þau voru ofin í Flæmingjalandi um 1500 og standa nú í Miðaldasafninu (Musée de Cluny) í París. Veggteppin sýna hefðarmey ásamt einhyrningi og ljóni sem standa henni til hvorrar handar. Fimm teppanna tákna skilningarvitin fimm en merking hins sjötta er óræð. Þar stendur stúlkan undir bláum tjalldhimni sem ber yfirskriftina „À mon seul désir“; þessi orð má túlka á ýmsa vegu en þau gætu merkt „Mín eina þrá“. Á meðan Saariaho vann að smíði verksins las hún sig til um túlkunarir á yfirskrift síðasta teppisins og hreift af þeirri hugmynd að hugsanlega sé hún eins konar stafaleikur. Með sömu bókstöfum má mynda orðin „D'om le vrai sens“ – „Hið sanna skilningarvit mannsins“ – sem samkvæmt frönskum fræðingum miðalda var sjálft hjartað.

Þættir konsertsins eru sex talsins og eins og yfirskriftirnar gefa til kynna eiga þeir beina samsvörun í efni veggteppanna. Tónlistin er einkar fjölbreytt, stundum draumkennd og svífandi en einnig tilþrifamikil þegar svo ber við. Segja má að verk um skilningarvitin fimm henti vel hinu fingerða og blæbrigðaríka tónmáli höfundarins. Konsertinn er líka eins konar rýmislist því að einleikarinn stendur ekki kyrr fyrir miðju sviði eins og venja er heldur fer um víðan völl, er ýmist meðal áheyrenda eða uppi á sviði og þá á hinum ýmsu stöðum. Verkið er tileinkað Kari Krikku sem vann náíð með Saariaho að sköpun þess.



ÞJOTR TSJAJKOVSKÍJ

SINFÓNÍA NR. 6

Þjotr Tsjajkovskij (1840–1893) hóf að semja sjöttu sífóníu sína í febrúar 1893 og hún var fullgerð um haustið. Hinn 28. október stjórnaði Tsjajkovskij frumflutningi hennar í Sankti Pétursborg; níu dögum síðar var hann allur. Margt hefur verið skrifað og skrafað um merkingu þess að þessir tveir atburðir gerðust með svo skömmu millibili. Sviplegur dauðdagi Tsjajkovskijs hefur ýtt undir hugmyndir um að sjötta sífónían sé eins konar hinna kveðja og að með smíði hennar hafi tónsmíðurinn fengið útrás fyrir þær sálarkvalir sem hann leið síðustu mánuðina sem hann lifði. Árið 1979 birti rússneskur tónlistarfræðingur tilgátu þess efnis að Tsjajkovskij – sem hneigðist til karla – hefði framið sjálfsmorð eftir að upp komst um ástarsamband hans við ungan hefðarmann. Þessi tilgáta reyndist þó ekki á rökum reist. Nú eru flestir á einu máli um að tónskáldið hafi látist úr kóleru eftir að hafa í ógáti drukkið ósoðið vatn.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveitin hefur leikið Pathétique-sífóníuna 15 sinnum, fyrst undir stjórn Olavs Kielland í Þjóðleikhúsinu 1953 og aftur 1956. Síðan hafa m.a. haldið um taumana þeir Jindrich Rohan (1962), Sverre Bruland (1968), Daniel Barenboim (1971), Jean-Pierre Jacquillat (1982), Klauspeter Seibel (1985), Petri Sakari (1995), Alexander Anissimov (2001), Rumon Gamba (2009) og Pietari Inkinen (2013). Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar lék sífóníuna í Hörpu undir stjórn Gustavos Dudamel í september 2011.

Frumflutningur sífóníunnar í Pétursborg vakti enga sérstaka hrifningu, og því brá Tsjajkovskij á það ráð að finna verkinu yfirskrift sem gæti skýrt innihaldið að einhverju leyti fyrir áheyrendum. Rússneska heitið „Pateticheskaya simfoniya“ þýðir eitthvað í ætt við „ástríðusífónía“, merking orðsins *patetichesky* er svipuð því sem Beethoven átti við með orðinu *appassionata* – með ástríðu. Hvað sem viðtökum leið var Tsjajkovskij himinlifandi með útkomuna. Þegar hann hafði lokið við sífóníuna skrifaði hann útgefanda sínum: „Ég hef aldrei áður fundið fyrir slíkri ánægju, slíku stolti, slíkri gleði, eins og í vitundinni um að ég hafi í raun og veru skapað þetta fagra tónverk.“ Meðan á æfingum stóð á hann að hafa sagt: „Þetta er án efa besta – og sannarlega einlægasta – tónsmíð mín, og mér þykir vænna um hana en nokkurt annað verk sem ég hef skapað.“ En eru hin myrku endalok verksins til marks um hugarástand sem Tsjajkovskij kaus að nefna ekki? Hér verður hver að dæma fyrir sig.

Upphaf sífóníunnar er fremur óvenjulegt. Dimmradda fagott-sóló fíklar sig upp gegnum nið kontrabassanna, en Tsjajkovskij byggir smám saman upp tilþrífamikinn hápunkt og kynnir til sögunnar eitt frægasta stef sitt. Ef vel er að gáð er þetta stef eins konar umbreyting á blómaaríu Don José úr *Carmen*, og Tsjajkovskij biður um að það sé leikið „blíðlega, teygjanlega, og mjög syngjandi“. Því næst tekur við dramatísk úrvinnsla stefjanna, þar sem hápunkturinn er lagbútur úr sálumessu rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar.

Tsjajkovskíj var vafalítið eitt besta valsatónskáld síns tíma utan Vínarborgar. Millipættir sínfóníunnar eru tveir dansar og sá fyrri er einmitt vals, þótt yfirbragðið sé nokkuð óvenjulegt. Tsjajkovskíj hafði tvö verk í smíðum vorið 1893, sjöttu sínfóníuna og 18 píanólög op. 72. Í síðarnefnda verkinu er kafli sem ber yfirskriftina „Valse à cinq temps“ – vals með fimm slögum í takti í stað þriggja eins og venjan er. Hann leikur sama leik í sjöttu sínfóníunni. Slíkur vals hentar alls ekki á dansgólfinu en hann er skemmtilega óhefðbundinn og heillandi á að hlýða.

Þriðji kafli byrjar sem léttfætt *scherzo* en ummyndast fyrir en varir í dramatískan mars. Lokakaflinn er óhefðbundnasti þáttur sínfóníunnar, því hann er í hægu tempói og þungbúinn – hér er ekki endað með glæsilegum sigri eins og venjan var í sínfóníum 19. aldar. Kannski var það einmitt staðsetning hæga kaflans sem féll áheyrendunum ekki í geð við frumflutninginn. Síðar varð algengara að enda sínfóníu með hægum þætti, til dæmis í Níundu sínfóníu Mahlers sem sótti fyrirmynd sína hingað. Tsjajkovskíj kynnir tvö aðalstef til sögunnar, hið fyrra er tregafullt en hið síðara hefur bjartari blæ. Þótt tónlistin virðist alltaf stefna í átt að ljósinu endar verkið á dimmu tónsviði sem minnir á upphafstakta þess. Tónlistin fjarar út, myrkur lokahljómurinn verður stöðugt veikari og rennur að lokum út í þögnina.

Árni Heimir Ingólfsson

RAKASTAVA

SÖNGTEXTAR KÓRVERKSINS RAKASTAVA ERU BIRTIR HÉR LESENDUM TIL GLÖGGVUNAR.

1. Missä armahani?

Miss' on, kussa minun hyväni,
miss' asuvi armahani,
missä istuvi iloni,
kulla maalla marjaseni? —
Ei kuulu ääntävän ahoilla,
lyövän leikkiä lehoissa,
ei kuulu saloilta soitto,
kukunta ei kunnahilta.
Oisko armas astumassa
marjani matelemassa,
oma kulta kulkemassa,
valkia vaeltamassa,
toisin torveni puhuisi,
vaaran rinnat vastoaisi,
saisi salot sanelemista,
joka kumpu kukkumista,
lehot leikkiä pitäisi,
ahot ainaista iloa.

2. Armahan kulku

Täst' on kulta kulkenunna,
täst' on mennyt mieltietty,
tästä armas astununna,
valkia vaeltanunna;
täss' on astunut aholla,
tuoss' on istunut kivellä.
Kivi on paljon kirkkahampi,
paasi toistansa parempi,
kangas kahta kaunihimpi,
lehto viittä lempiämpi,
korpi kuutta kukkahampi,
koko metsä mieluisampi,
tuon on kultani kulusta,
armahani astunnasta.

1. Hvar er ljúfan mín?

Hvar er hún, hvar er vænan mín,
hvar dvelur ljúfan mín,
hvar hefst yndið mitt við,
í hvaða landi er litla berið mitt? —
Eigi heyrist hljóð á engjunum,
né leikur í lundunum,
eigi heyrast hljómar frá skóglendinu,
ekkert gaukshljóð frá hæðunum.
Ef ljúfan mín væri að stíga sín skref,
berið mitt að silast áfram,
gullið mitt að ganga um,
ljósið mitt á faraldsfæti;
þá mundi hornið mitt hljóma öðruvísi,
hlíðar hæðanna mundu bergmála,
skóglendið hefði eitthvað að tala um,
gaurur galaði á hverjum hólí,
lundirnir brygðu á leik,
engin mundu fagna að eilífu.

2. Gönguferð ljúfunnar

Héðan hefur gullið mitt gengið,
héðan hefur elskan mín farið,
héðan steig ástin mín skref sín,
reikaði ljósið mitt á braut;
héðan gekk hún yfir rjóðrið,
þarna hefur hún setið á steini.
Steinninn er núna miklu bjartari,
steinhellan betri en aðrar,
heiðin tvöfalt fegurri,
lundurinn fimmfalt ljúfari,
villiskógurinn sexfalt blómlegri,
allur skógurinn notalegri,
af því að gullið mitt gekk þar um,
ljúfan mín steig þar sín skref.

3. Hyvää iltaa, lintuseni

Hyvää iltaa, lintuseni,
hyvää iltaa, kultaseni,
hyvää iltaa nyt, minun oma armahani!

Tanssi, tanssi, lintuseni,
tanssi, tanssi, kultaseni,
tanssi, tanssi nyt, minun oma armahani!

Seiso, seiso, lintuseni,
Seiso, seiso, kultaseni,
Seiso, seiso nyt, minun oma armahani!

Anna kättä, lintuseni,
anna kättä, kultaseni,
anna kättä nyt, minun oma armahani!

Käsi kaulaan, lintuseni,
käsi kaulaan, kultaseni,
halausta, kultaseni,
halausta nyt, minun oma armahani!

Suuta, suuta, lintuseni,
suuta, suuta, kultaseni,
halausta, lintuseni,
halausta nyt, minun oma armahani!

Jää hyvästi, lintuseni,
jää hyvästi, kultaseni,
jää hyvästi, lintuseni,
jää hyvästi nyt, minun oma armahani!

*Úr „Kanteletar“, safni Eliasar Lönnrot
af finnskum þjóðkvæðum*

3. Gott kvöld, litla dúfan mín

Gott kvöld, litla dúfan mín,
gott kvöld, litla gullið mitt,
gott kvöld núna, ektaljúfastan mín!

Dansaðu, dansaðu, litla dúfan mín,
dansaðu, dansaðu, litla gullið mitt,
dansaðu, dansaðu núna, ektaljúfastan mín!

Hættu, hættu, litla dúfan mín,
hættu, hættu, litla gullið mitt,
hættu, hættu núna, ektaljúfastan mín!

Réttu mér höndina, litla dúfan mín,
réttu mér höndina, litla gullið mitt,
réttu mér höndina núna, ektaljúfastan mín!

Handlegginn um háls mér, litla dúfan mín,
handlegginn um háls mér, litla gullið mitt,
faðmaðu mig, litla gullið mitt,
faðmaðu mig núna, ektaljúfastan mín!

Kysstu mig, kysstu mig, litla dúfan mín,
kysstu mig, kysstu mig, litla gullið mitt,
faðmaðu mig, litla dúfan mín,
faðmaðu mig núna, ektaljúfastan mín!

Vertu sæl, litla dúfan mín,
vertu sæl, litla gullið mitt,
vertu sæl, litla dúfan mín,
vertu sæl núna, ektaljúfastan mín!

Reynir Axelsson þýddi



À mon seul désir, flæmskt veggteppi frá um 1500.

FINNLAND Í BRENNIDEPLI

FIM 16 MAR 19:30



OSMO STJÓRNAR BEETHOVEN

Rússneski píanistinn Yevgeni Sudbin hefur á undanförunum árum sópað að sér verðlaunum fyrir leik sinn. Nýlegur diskur hans með verkum Skrjabíns var valinn diskur ársins hjá Telegraph og um leið sagði gagnrýnandi blaðsins að Sudbin væri „á góðri leið með að verða einn mesti píanisti 21. aldarinnar“. Hann flytur hér hinn guðdómlega A-dúr konsert Mozarts, þar sem skiptast á skin og skúrir með eftirminnilegum hætti. Osmo Vänskä þykir einn eftirtektarverðasti Beethoven-túlkandi okkar daga og hljómdiskar hans með Minnesota-hljómsveitinni hafa fengið prýðilega dóma. Hér hljómar hin dásamlega sjöunda sinfónía Beethovens, sem er ein sú fjörugasta sem hann samdi og sem Wagner kallaði „fullkomnun dansins“. Það er enginn skortur á framúrskarandi tónskáldum í Finnlandi, en Kalevi Aho sker sig úr fyrir litríka og áheyrilega tónlist sína, sem stundum minnir á Shostakovitsj. Eitt áhugaverðasta verk úr smíðju hans síðustu ár er *Minea*, eins konar konsert fyrir hljómsveit þar sem hver hljóðfærahópur fær sína stund í sviðsljósinu. Verkið samdi Aho árið 2008 fyrir Minnesota-hljómsveitina og Osmo Vänskä, og fá nýleg hljómsveitarverk hafa hlotið jafn einróma lof gagnrýnenda og áheyrenda og þetta frísklega verk sem nú hljómar í fyrsta sinn á Íslandi.

FOS 17 MAR 18:00



FIÐRILDI OG FINNSKIR SKÓGAR

Kaija Saariaho er dád um allan heim fyrir hljómsveitarverk sín og óperur, en á verkaskrá hennar eru einnig sérlega áhrifamikil einleiksverk. Hún samdi *Sept papillons* eða *Sjö fiðrildi* meðan hún var við æfingar á Salzburgerhátiðinni árið 2000, og tónlistin hefur hrífandi yfirbragð hins hverfula og skammvinna. Sæunn Þorsteinsdóttir hefur fengið frábæra dóma í helstu blöðum Bandaríkjanna fyrir innlifaðan sellóleik sinn og hefur m.a. leikið kammertónlist með Itzhak Perlman og Mitsuko Uchida. Sinfónía nr. 2 eftir Sibelius er ein hans glæsilegasta tónsmíð og nýtur verðskuldaðrar hylli um allan heim. Sibelius lýsti tónsmíðavinnu sinni eitt sinn svo að það væri „sem Guð almáttugur hafi fleygt niður mósaíkfliðum úr gólfi himnaríkis og beðið mig að raða þeim eins og þær voru áður.“ Sinfónían hljómar hér undir stjórn Osmos Vänskä.

MÚMÍNÁLFAFAR Í SÖNGVAFERÐ



© Moomin Characters™

Múmínálfarnir sem Tove Jansson skapaði eru mörgum afar kærir og ná vinsældir þeirra langt út fyrir heimahagana. 70 ára afmæli þessara ástsælu álfa var fagnað í Finnlandi með útkomu Múmínálfa í söngvaferð, nýrrar söngvabókar með geisladiski, sem hlaut finnsku Emma-verðlaunin 2014. Það var Fílharmóníusveitin í Helsinki sem frumflutti Múmínálfa í söngvaferð vorið 2015 í útsetningum Matta Kallio, en það var upphafið að mikilli söngvaferð Múmínálfanna umgjörvallt Finnland. Nú flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands, fyrst hljómsveita utan Finnlands, þessa geysivinsælu söngva í þýðingu Þórarins Eldjárns. Með hljómsveitinni á tónleikum koma fram stórsöngvararnir Egill Ólafsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir ásamt Stúlknaðor Reykjavíkur. Litríkt og fallett myndefni fylgir tónleikunum og þannig er hægt að fylgjast með sögunni bæði í myndum og tónum. Erkki Lasonpalo stýrir Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikunum, en hann stjórnaði einnig frumflutningi verkefnisins í Finnlandi.

FIMM SÖNGVAR OG SINFÓNÍA



Það gerðist ekki oft að kventónskáld 19. aldar semdu fyrir sínfóníuhljómsveit. Karlar lögðu línurnar í tónlistarlífínu í þá daga og þeim þótti kröftum kvenna betur varið í smærri verk sem flytja mætti innan veggja heimilisins, sönglagasmíði og píanómúsík. Fanny Mendelssohn var hámenntuð tónlistarkona en samdi aðeins eitt hljómsveitarverk, forleikinn sem nú hljómar í fyrsta sinn á Íslandi og er það kærkomið tækifæri til að kynnst betur tónsmíðum þessarar merku listakonu. Í nýjum lagaflokki sínum tónsetur Hafliði Hallgrímsson ljóð eftir þrjú af helstu skáldum Englands á 18. og 19. öld: Samuel Taylor Coleridge, William Blake og Christinu Rosetti. Þau Helena Juntunen og John Storgårds frumfluttu verkið ásamt Skosku kammersveitinni í febrúar síðastliðnum; gagnrýnandi The Telegraph sagði verkið mynda „fullkomlega sannfærandi heild“ sem væri knúíð áfram af tónrænu ímyndunarafli Hafliða og „ótrúlegu næmi“ hans á litbrigði hljómsveitarinnar. „Ég gef gömlu meisturunum ekkert eftir“ ritaði Sibelius í dagbók sína árið 1922, fullur sjálfstrausts. Um sama leyti var hann að ljúka við 6. sínfóníu sína, fagurt og friðsælt verk sem hefur á köflum yfirbragð þjóðlaga og sálm söngs. Stjórnandinn John Storgårds var um langt skeið aðalstjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Helsinki og er einmitt margverðlaunaður fyrir túlkun sína á sínfóníum Sibeliusar.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

19. JANÚAR 2017

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pálína Árnadóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Pascal La Rosa
Andrzej Kleina

2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Christian Diethard
Margrét Þorsteinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Þórdís Stross
Laufey Jensdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Roland Hartwell

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Inga Rós Ingólfssdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Eugenie Ricard

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Ben Ordaz

HARPA

Katie Buckley

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osma Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Fjólá Kristín Nikulásdóttir *umsjónarmaður nótna*

Kammersveit Vínar & Berlínar

Einleikarar **Gautier Capuçon** selló,
Rainer Honeck fiðla &
Noah Bendix-Balgley fiðla
Konsertmeistari **Rainer Honeck**



Eldborg 19. maí kl. 19:30

Miðasala í síma 528 5050 og á harpa.is



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is